

10 **Brjef landshöfðingja til sjáslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um synj-**
21. febr. un á leyfi til að halda lotterí. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. þ. m., hafid þjer, herra sýslumaður, sent hingað beiðni Good Templarastúkunnar Trúarinnar nr. 38 í YtriNjarðvikum um leyfi til að halda lotteri til ágóða fyrir stúkuna á grip, er kosti allt að 40 kr.

Útaf þessu skal yður hjermed þjónustusamlega til vitundar gefid til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi sje mjer eigi fært að veita leyfi til að halda lotteri um grip, er að eins nemur 40 kr., enda mun ástandið í Gullbringusýslu nú þannig, að varla er ástæða að gefa leyfi til að halda þar lotteri.

11 **Brjef landshöfðingja til stiptsýfirvaldanna yfir Islandi um viðbótarlán handa**
22. febr. prestakalli (til kirkjubyggingar) — Í viðbót við 2000 króna embættislán það, er prestinum að Ásum í Skaptártungum, síra Sveini Eiríkssyni, var leyft að taka upp á prestakallið til að byggja nýja kirkju í Gröf fyrir hinar sameinuðu Ása- og Búlandssóknir með brjefi mínu, dagsettu 22. júní 1895, vil jeg hjermed samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, fallast á það að síra Sveinn Eiríksson megi taka allt að 400 kr. viðaukalán uppá prestakallið til kirkjubyggingarinnar, þannig að lán þetta endurborgist með vöxtum á 20 árum, eins og aðallánið, af tekjum Ásaprestakalls að því leyti sem það eigi getur endurborgazt af Grafarkirkju.

Þetta er yður hjermed þjónustusamlega til vitundar gefid til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

12 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu**
23. febr. um kjörgengi verzlunarþjóns við bæjarstjórnarkosning. — Með brjefi, dagsettu 28. f. m., er hingað hefir borizt beina leið, hefir Páll Jónsson verzlunarþjónn á Oddeyri kært fyrir mjer úrskurð bæjarstjórnarinnar á Akureyri, uppkveðinn á 2. fundi hennar þ. á., er staðfestir úrskurð kjörstjórnar við bæjarstjórnarkosning, er framfór þar 4. f. m., en með síðarnefndum úrskurði var svo ákveðið, að nefndur verzlunþjónn yrði eigi tekinn upp á kjörskrá.

Úrskurdir þessir eru byggdir á því, að verzlunarþjónar, sem eigi hafi sjálfstætt húshald, verði að teljast öðrum háðir, sbr. 4. gr. laga 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og hafi því eigi kosningarrjett, og að nefndur verzlunarþjónn því eigi ekki kosningarrjett og kjörgengi við bæjarstjórnarkosningu, með því að hann verði að álitast ráðinn á sama hátt sem aðrir verzlunarþjónar, og hafi eigi sjálfstætt húshald.